

252. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 25. ágúst 2008, klukkan 7.30.

Mættir eru:

Páll Hilmarsson, Herdís Sigurjónsdóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir, Kristján Sveinbjörnsson, Þór Sigurgeirsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsón, Ómar Stefánsson, Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Gnýr Hjarðar yfirverkfræðingur þróunar og tæknideildar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Kjör formanns stjórnar.

Stjórn samþykkir samhljóða kjör Herdísar Sigurjónsdóttur fulltrúa Mosfellsbæjar sem formanns stjórnar. Stjórn þakkar fráfarandi stjórnarformanni, Páli Hilmarssyni fulltrúa Garðabæjar, vel unnin störf.

2. Kjör varaformanns stjórnar.

Stjórn samþykkir samhljóða kjör Guðfinnu Guðmundsdóttur fulltrúa Hafnarfjarðar í sem varaformann stjórnar. Herdís Sigurjónsdóttir er fráfarandi varaformaður.

3. Sex mánaða árshlutauppgjör SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir og skýrir árshlutauppgjörið. Uppgjörið rætt. Stjórn samþykkir árshlutauppgjörið samhljóða.

4. Forsendur Rekstraráætlunar 2009 og forsendur 3ja ára áætlunar 2010/2011/2012.

Framkvæmdastjóri kynnir forsendur fyrir áætlunum rekstrar og fjárfestinga 2009 til 2012. Forsendur ræddar.

5. Bréf Samtaka iðnaðarins.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir bréf frá Samtökum iðnaðarins dagsett 24. júlí 2008 varðandi breytingar á gjaldskrá SORPU og svarbréf SORPU bs dagsett 30. júlí 2008 þar að lútandi.

6. Breytingar á móttökuskilyrðum fyrir úrgang sem berst í Álfsnes.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað vegna lyktarmengunnar frá Álfsnesi. Stjórn samþykkir að baggaður úrgangur sem inniheldur matarleifar, hrat frá skólphreinisstöðvum og annar lyktarsterkur úrgangur sem berst urðunarstaðnum reglulega skuli meðhöndlaður sérstaklega vegna lyktarmengunar, með aðferðum sem SORPA samþykkir, áður en úrgangurinn er færður til urðunar í Álfsnesi. Reglur þessar taka gildi 1.1.2009.

7. Erindi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

Framkvæmdastjóri leggur fram bréf frá Kólku, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf, dagsett 19. ágúst 2008 varðandi stofnun hlutafélags um rekstur Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. hefur ákveðið að óska formlega eftir viðræðum um frekara samstarf við þau sorpsamlög sem hafa unnið að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Formanni og framkvæmdastjóra SORPU falið að ræða við stjórn Sorpeyðingarstöðvarinnar.

8. Staðsetning endurvinnslustöðva – Svar Fjármálaráðuneytisins vegna fyrirspurnar um lóð að Keldnaholti.

Lagt fram bréf Fjármálaráðuneytis dagsett 4. júlí 2008 varðandi erindi Reykjavíkurborgar dagsett 19. nóvember 2008 vegna hugsanlegrar lóðar undir endurvinnslustöð á Keldnaholti.

9. Önnur mál.

- Framkvæmdastjóri leggur fram tímasetningar stjórnarfundar september – desember 2008.
- Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöðu tilboða í verktakavinnu í Álfsnesi til fimm og hálfis árs.
Í útboðsgögnum kom fram að öllum tilboðum undir 80% af kostnaðaráætlun yrði hafnað.

Urðunarsvæðið í Álfsnesi

Móttaka, röðun og yfirmokstur sorps.

Tilboð opnuð 21. ágúst 2008

bv : 440,9

Bjóðandi	Tilboðsupphæð eftir yfirferð	% af kostn.	Einkunn						Alls	
			1	a	2	b	c	a		b
Óskar Beck ofl.	1.107.400.000	240,56	38,55							
H.J. Bílar ehf	485.084.650	105,93	88,00	2	2	0	3	3	98,00	
Íslenskir Aðalverktakar hf	816.860.000	178,39	52,26							
SSg verktakar ehf	794.656.000	173,54	53,72							
Þórsfell ehf	1.026.403.000	224,15	41,59							
KNH ehf	1.273.800.000	278,18	33,51							
Bragi Valgeirsson/Allskonar ehf	361.811.000	79,01								
GT verktakar ehf	492.470.000	107,55	86,68			0				
Klæðning ehf	734.800.000	160,47	58,09							
Kostnaðaráætlun	457.910.000	100,00								
Hámarkseinkunn :			88	2	2	2	3	3	100,00	

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við H.J. Bíla ehf.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Fundarritari: Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir
Þór Sigurgeirsson
Páll Hilmarsson
Kristján Sveinbjörnsson
Bjarni Gnýr Hjarðar

Guðfinna Guðmundsdóttir
Ómar Stefánsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Björn H. Halldórsson